

Ræða formanns Nýherja á aðalfundi 17.2.2012.

Ágætu hluthafar !

Árið 2011 var ágætt ár og það var afleitt ár. Það var tap á rekstrinum þrátt fyrir að hann væri í mun betra jafnvægi að flestu leyti en árið áður, en þá var ágætur hagnaður. Hagnaður var af rekstri Nýherja fyrir afskriftir alla ársfjórðunga en reyndar undir væntingum á þeim þriðja. Velta jókst á árinu og afkoma batnaði mörgum greinum rekstrarins. Þó að lítil merki sæjust um að Ísland væri komið af botninum virðast merki þó vera um að viðspyrnu sé náð. Svartsýni í þjóðfélaginu er á hægu undanhaldi og það er gleðiefni. Stjórn starfaði mikið að innri málefnum félagsins allt árið og lagði grunn að breyttum vinnubrögðum. Flestir angar á hugbúnaðarsviði félagsins blómstruðu. Í Danmörku kom þó upp óvænt deilumál sem veldur því að afkoman er ekki betri en raun ber vitni. Applicon A/S, dótturfyrirtæki Nýherja hefur unnið frá vorinu 2010 að viðamiklu verkefni, en framvinda þess verkefnis og afkoma hafa verið fjarri væntingum. Þetta er mikill umsnúningur frá því sem áður var, en Applicon í Danmörku hefur flest fyrri ár skilað mjög góðri afkomu. Applicon í Svíþjóð gekk hins vegar mjög vel og 2011 var besta ár í rekstri þess félags.

Ytri aðstæður til fyrirtækjarekstrar hafa ekki verið hagstæðar. Gengi krónunnar er lágt í sögulegu samhengi og fyrir félag sem notar sér mikið erlend aðföng veldur það miklum kostnaðarauka. Mikil óvissa er um gengi krónunnar. Raungengið er lágt, en krónan er í höftum vegna þess að aflandsgengi sem kallað er svo er enn lægra. Í gamla daga voru ekki notuð fín orð eins og aflandsgengi heldur einfaldlega talað um svartmarkaðsverð á gjaldeyri. Alltaf þegar skammtað er úr hnefa í stað þess að láta markaðinn ráða er hætt við því að þeir sem eiga gjaldeyri misnoti þá aðstöðu. Miklu farsælla hefði verið að láta gengi krónunnar einfaldlega ráðast af framboði og eftirspurn. Auðvitað hefði þrengt tímabundið að bæði almenningi og fyrirtækjum sem ekki eru í útflutningi. Hins vegar er líklegt að batinn hefði verið skjótari. Fyrir Íslendinga er afar óheppilegt að búa við gjaldmiðil sem nýtur jafnlíttar virðingar og íslenska krónan. Sveiflur geta á einu augabragði sett afkomu fyrirtækja eða einstaklinga í uppnám. Útflutningsatvinnugreinar liðu fyrir allt of hátt gengi krónunnar á árunum fyrir 2008. Nú eru það hins vegar fyrirtæki sem veita þjónustu eins og Nýherji sem líða fyrir það að laun sem eru ágæt á íslenskan mælikvarða eru ekki lengur samkeppnishæf við það sem gerist í nágrannalöndum. Háir vextir valda því að Nýherji þarf að greiða meira fyrir sín lán en samkeppnisaðilar á Norðurlöndum. Það er vel þekkt að háir vextir eru fylgifiskur lítils gjaldmiðils.

Eitt af því sem veldur því að sumir útflytjendur hafa snúist gegn því að Íslendingar taki upp erlenda mynt er einmitt veik staða krónunnar núna. Þeir virðast halda að með upptöku erlendrar myntar yrði horfið aftur til hágengisstefnu árána fyrir hrun. Þetta er þó þvert á það sem kemur þeim best. Það væri einmitt best fyrir útflutningsgreinar að skipta um gjaldmiðil þegar gengi krónunnar er fremur lágt skráð og festa ávinninginn þannig í sessi. Mestu skiptir þó ef Íslendingar taka upp annan gjaldmiðil að það verði gert með hagsmuni bæði fyrirtækja og almennings í huga þannig að jafnvægi náist til framtíðar. Sumir vara við því að fórna krónunni og benda á efnahagserfiðleika víða í Evrópu máli sínu til stuðnings. Ég spyr á móti: Er hægt að benda á eitt einasta af þeim ríkjum sem í mestum vandræðum eru sem ekki hafði misst annaðhvort stjórn á ríkisfjármálum eða bönkunum, nema hvort tveggja hafi verið. Það er hins vegar vel þekkt að efnahagsvandí er hættulegur smitsjúkdómur og auðvitað hefur það mikil áhrif hér á Íslandi hvernig efnahagsástandið er austan hafs og vestan.

Það er fróðlegt að sjá hvað hefur gerst á tölvu- og hugbúnaðarmarkaði almennt hér á landi. Þessi markaður er mjög kvikur og á þeim tuttugu árum sem félagið hefur starfað hafa keppinautar

Nýherja komið og farið, skipt um nöfn og númer eins og einhvern tíma var sagt. Helstu keppinautar félagsins eru nýkomnir úr mikilli skuldahreinsun þar sem milljarðatugir hurfu út í loftið. Öllum virðist nákvæmlega sama um það að félög sem eyddu stórfé í það að styrkja stöðu sína fyrir hrun, peninga sem bankarnir þurftu að afskrifa, eiga nú fúlgur fjár til þess að beita í samkeppninni. Það er óneitanlega sparnaður í rekstri að þurfa ekki að borga af lánum.

Hagnaður var bæði betri og lakari nýliðið ár en árið 2010. Í ársreikningnum sem hér liggur fyrir er hagnaður minni en var fyrra ár, en hann var um 300 milljóna hagnaður. Í þetta sinn er 70 milljóna króna tap.

Mikill halli var hjá Applicon í Danmörku vegna þess máls sem ég fyrr nefndi. Talsvert tap var líka á tæknisviði. Ef þessi tvö atriði hefðu ekki komið til hefði hagnaður væntanlega verið ásættanlegur. Meginverkefni stjórnenda í ár er að koma þessum tveimur einingum í viðunandi rekstur.

Applicon A/S í Danmörku er fyrirtæki í SAP hugbúnaðarráðgjöf. Þar vinna um 66 manns. Fyrirtækið hefur starfað í Danmörku síðan 1998 en Nýherji keypti það árið 2005. Rekstur félagsins hefur gengið vel allt frá stofnun og fram á fjórða ársfjórðung árið 2009. Þá syrti í álinn vegna efnahagsvanda Dana, en þegar félagið hafði fengið eitt stærsta innleiðingarverkefni á SAP hugbúnaði í Danmörku vorið 2010 leit út fyrir að það væri komið á beinu brautina á ný.

Applicon vann sem undirverktaki fyrir Siemens í Danmörku en verkefnið er fyrir sjúkrastofnanir á Sjálandi. Verkefnið hefur ekki skilað þeim arði sem vonast var til. Margt hefur bjátað á. Samningar við yfirverktakann og kaupandann reyndust ekki nægilega vel útfærðir. Var þar þó um hefðbundna samninga að ræða, en kaupandinn er ríkisfyrirtæki sem ekki hreyfir sig eftir þeim lögmálum sem algengust eru í viðskiptum milli fyrirtækja. Siemens í Danmörku var svo selt til fransks aðila og eigendaskiptin liðkuðu ekki fyrir samskiptum. Framan af árinu 2011 leit verkefnið reyndar ekki illa út, en eftir mitt ár kom í ljós að hnökrar voru á samskiptum sem leiddu til tafa á afhendingu og annarra vandræða. Því varð mikið tap á rekstri Applicon A/S, þvert á spádóma og áætlanir fyrir örfáum mánuðum. Miklar breytingar hafa verið gerðar á rekstrinum og nýr framkvæmdastjóri ráðinn að fyrirtækinu. Tapið varð til þess að útreikningar leiddu í ljós að það stóð ekki lengur undir bókfærðri viðskiptavild að fullu og hún var því afskrifuð um rúmlega hundrað milljónir íslenskra króna. Applicon A/S er þrátt fyrir áföllin félag sem hefur mjög skemmtilega uppbyggingu og breiðan hóp viðskiptavina. Starfsmenn eru líka með yfirgripsmikla þekkingu á ýmsum sviðum SAP. Meðal viðskiptavina eru nokkur af stærstu fyrirtækjum Danmerkur.

Applicon A/S er fyrst og fremst í ráðgjöf, ólíkt íslenska fyrirtækinu og því sænska sem hafa unnið bæði að ráðgjöf og smíði lausna eða hugbúnaðarpakka. Applicon Solutions í Danmörku er lítið fyrirtæki sem einbeitt sér að sölu og þróun á stöðluðum öryggishugbúnaði fyrir SAP kerfi. Rekstur þess var í járnnum á árinu.

Starfsemin í Svíþjóð gekk vel. Stór hluti starfseminnar í Stokkhólmi felst í föstum verkefnum fyrir banka og önnur fjármálafyrirtæki. Applicon samdi um nýtt verkefni í SAP-innleiðingu í banka. Mikil vinna hefur verið lögð í að undirbúa þetta verkefni vel, ekki síst með reynsluna í Danmörku í huga. Allt bendir til þess núna að það gangi eftir áætlun.

Markvisst er unnið að því að efla samstarf Applicon fyrirtækjanna innbyrðis. Nokkrir ráðgjafar frá Applicon á Íslandi hafa starfað að verkefnum erlendis á liðnu ári og framhald verður þar á.

Í Óðinsvéum í Danmörku er tölvupjónustufyrirtækið Dansupport A/S með höfuðstöðvar sínar. Félagið er að fullu í eigu Nýherja. Þar starfa liðlega 30 manns og er starfsemin bæði á Jótlandi, Fjóni og Sjálandi. Afkoman var ágæt árið 2011.

Talsverðar breytingar voru gerðar á innra skipulagi Nýherja síðastliðið vor. Rekstrarfélögum fækkaði úr átta í þrjú. Jafnframt hefur starfsemi verið flutt til þannig að stærri hluti hennar er nú í Borgartúni 37. Það er trú stjórnenda félagsins að þessi háttur gefi betri raun en fyrra fyrirkomulag. Mun ég nú gera stuttlega grein fyrir þessum breytingum.

Skyggir sem var í rekstri og hýsingu, hljóð- og myndlausnafélagið Sense og bókhaldsfyrirtækið Viðja voru sameinuð móðurfélaginu Nýherja. Applicon og Vigor sem bæði störfuðu á sviði viðskiptahugbúnaðar sameinuðust undir merkjum Applicon. Sömuleiðis voru TM Software og EMR sameinuð undir nafni þess fyrrnefnda. Allar þessar breytingar eru til einföldunar í rekstri.

Meðal þess sem vel tókst til á liðnu ári má nefna góða sölu á tímaskráningarforritinu Tempo frá TM Software. Forritið er selt á Netinu og hefur verið keypt af stórum sem smáum fyrirtækjum um víða veröld. Þessi rekstur gaf vaxandi tekjur og góða framlegð.

Klak ehf. sér um ráðgjöf við ýmiss konar sprotastarfsemi, nýsköpun og rannsóknarverkefni. Það stendur meðal annars fyrir Sprotapingi Íslands, Seed Forum Iceland. Sprotaping Íslands hélt vel heppnuð fjárfesting. Klak rekur einnig Viðskiptasmiðjuna – hraðbraut nýrra fyrirtækja, sem er nám fyrir frumkvöðla í rekstri. Mikið gagn og gaman hefur verið að þessum þætti starfseminnar. Nýherji á Klak með Háskólanum í Reykjavík, en nú er unnið að því að fá fleiri aðila að rekstrinum. Verkefni Klaks hafa verið Nýherja til sóma á undanförunum árum.

Nýherji leggur áherslu á skjóta, samræmda og vandaða upplýsingagjöf til fjárfesta í ársfjórðungslegum uppgjörum en á rekstrarárinu 2011 voru þau kynnt 29. apríl, 27. júlí, 28. október og 27. janúar. Einnig veitir félagið tíðar upplýsingar um almenna starfsemi og stærri samninga með fréttatilkynningum til fjölmiðla og fjármálafyrirtækja. Stjórn félagsins hefur hist 19 sinnum á stjórnarfundum á liðnu starfsári, en auk þess hefur hún skipað endurskoðunarnefnd sem hefur hist fyrir birtingu árshlutauppgjörs. Mikil vinna hefur verið lögð í að bæta starfshætti stjórnar og stjórnenda. Stjórnin hefur farið yfir allar helstu reglur sem í gildi hafa verið og stefnu félagsins á ýmsum sviðum. Hún hélt í fyrsta sinn sérstakan fund þar sem hún mat eigin störf í lok starfsárs. Það verður að segjast eins og er að það kom stjórnarmönnum á óvart hve miklu sú yfirferð skilaði og vonandi kemur það fram í bættum stjórnarháttum á komandi ári. Á fundinum setti stjórn fram lista um þau atriði í eigin starfsháttum sem hún telur að megi bæta á komandi starfsári.

Endurskoðendur hafa skilað stjórn skýrslu um það sem betur mætti fara í verklagi við bókhald og fjármál félagsins. Stjórn hefur farið yfir þessa þætti með endurskoðendum og stjórnendum félagsins og hefur hratt og vel bætt úr því sem ábótavant hefur verið. Ein af nýjungum stjórnar felst í því að sérhvert svið setur fram stuttan lista um það sem betur má fara í rekstri þess sviðs. Stjórn mun svo fara reglulega yfir það hvernig gengur að ná markmiðunum.

Að þessu sinni eru þrír karlmenn og þrjár konur í framboði til stjórnar og varamanns í stjórn. Hér er því hlutur kynjanna jafn og það er skemmtileg tilviljun, því að sjálfsögðu eru stjórnarmenn valdir eftir þekkingu, reynslu og hæfileikum. Fylgt er þeirri reglu að varamaður er alltaf boðaður á uppgjörsfundi, auk þess sem hann kemur ef aðrir boða forföll. Á liðnu ári var aðeins einn stjórnarfundur haldinn þar sem ekki voru fimm stjórnarmenn mættir.

Meðalfjöldi stöðugilda hjá Nýherja og dótturfélögum var 533 árið 2011 sem er 54 færri en árið á undan. Í árslok voru stöðugildi 531.

Velta félagsins jókst um 1.200 milljónir króna eða um 8%. Þetta er í fyrsta sinn frá hruni sem raunaukning verður á veltu félagsins, en þó má segja að í ljósi þess hve mikið hefur á dunið hafi félagið haldið sínum hlut merkilega vel.

Hlutfé í Nýherja er óbreytt að nafnvirði. Félagið sjálft á um 3,8 milljónir hluta og stjórn leggur til að deila þeim á hluthafa í formi arðs. Heildarhlutfé er nú 400 milljónir króna.

Fyrir fundinum liggur hefðbundin tillaga um heimild til stjórnar um að kaupa allt að 10% hlutfjár í félaginu. Þessi tillaga er eins og menn kannast við úr öðrum hlutfélögum.

Um afkomuna hef ég þegar fjallað. Hún veldur stjórn vonbrigðum þó svo að menn skilji hvað veldur. Veltufé frá rekstri jókst lítillega. Tap var 72 milljónir króna. Ég hef oft sagt að af félaginu þyrfti að vera traustur hagnaður eftir skatta. Ekki er til of mikils mælst að hann verði til skemmri tíma 3% af veltu eða nálægt 450 milljónum króna. Mikilvægt er að reyna að ná því takmarki á yfirstandandi ári. Til þess að svo megi verða þarf hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsgjöld og skatta að vera um 900 milljónir króna eða um 225 milljónir króna á hverjum ársfjórðungi. Hjal um EBITDA er lítills virði þegar rekin er starfsemi sem krefst mikilla fjárfestinga eins og tækisviðið.

Eiginfjárlutfall félagsins lækkaði úr 30% í 26%, bæði vegna taprekstrar og kaupa á hlutabréfum minnihlutaeigenda í dótturfélögum. Það er skoðun mín að reynsla Nýherja sýni að almennt sé ekki heppilegt að félagið eigi dótturfélög með öðrum þar sem Nýherji er meirihlutaeigandi og ber þannig einn hina rekstrarlegu ábyrgð.

Stjórn leggur til að greiddur verði 6,25% arður. Á undanförunum árum hefur það verið stefna stjórnarinnar að arður nemi nálægt þriðjungi af hagnaði af reglulegri starfsemi. Afkoman að frátalinni afskrift viðskiptavildar var hagnaður upp á 52 milljónir króna. Arðurinn er að þessu sinni greiddur með því að Nýherji afhendir hluthöfum stærstan hlut af eigin bréfum félagsins að markaðsvirði um 20 milljónir króna og auk þess fimm milljónir króna sem fara í fjármagnstekjuskatt.

Starfsmönnum Nýherja þakka ég fyrir vel unnin störf á liðnu ári. Hluthöfum þakka ég einnig áhuga á félaginu. Stjórnarmönnum og forstjóra þakka ég fyrir gott samstarf. Jafet Ólafsson gekk úr stjórn á árinu og þakka ég honum sérstaklega fyrir samstarfið. Ef vonir stjórnar ganga eftir verður nýbyrjað ár betra rekstrarár hjá Nýherja en árin 2010-11.